

Miðvikudaginn 25. nóvember 1987.

Nr. 237/1987. **Landbúnaðarráðherra**

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

gegn

Jóni Ívari Jónssyni og

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Verslun Sigurðar Pálmasonar h.f.

Innsetningargerð úr gildi felld. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús P. Torfason.

Jón Ísberg sýslumaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1987. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt á þá lund, að synjað verði um innsetningu til handa stefnda Jóni Ívari Jónssyni í umráð 297,6 kg af dillkakjöti í A-flokki og 33,5 kg í B-flokki, sem er í vörslum stefnda Verslunar Sigurðar Pálmasonar h.f., auk málskostnaðar úr hendi stefnda Jóns Ívars Jónssonar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Stefndi Jón Ívar Jónsson krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Verslun Sigurðar Pálmasonar h.f. hefur mætt fyrir Hæstarétti en gerir engar dómkröfur í máli þessu og telur sig ekki hafa hagsmuni af úrslitum málsins.

Í máli þessu er deilt um eignarrétt að kjöti því, sem stefndi Jón Ívar Jónsson lagði inn til sláturleyfishafans, stefnda Verslunar Sigurðar Pálmasonar h.f., haustið 1986, og reyndist umfram fullvirðisrétt búsins á Skarfshóli. Þá er og deilt um túlkun á samningi milli landbúnaðarráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og Stéttarsambands bænda um magn mjólkur og sauðfjárafurða frá 28. ágúst 1985. Mál þetta liggur óljóst fyrir og vafi er um skýringu á fyrrgreindum samningi. Réttur stefnda Jóns Ívars Jónssonar til kjöts

þess, sem um er deilt í máli þessu, er því eigi glöggur. Brestur því réttarfarsskilyrði fyrir innsetningargerð í máli þessu. Verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 24. júlí 1987.

Gerðarbeiðandi í máli þessu, Jón Ívar Jónsson, Skarfshóli, fór þess á leit við fógetarétt Húnavatnssýslu með bréfi dags. 7. maí sl. að hann með aðstoð fógetaréttarins fengi yfirráð yfir 297,6 kg af dillakjöti í A-flokki og 33,5 kg í B-flokki. Kjöt þetta var umframframleiðsla búans á Skarfshóli haustið 1986 miðað við fullvirðisrétt þess og var geymt í frystihúsi Verslunar Sig. Pálmasonar hf. á Hvammstanga. Þegar gerðarbeiðandi hafði fengið fullnaðaruppgjör Framleiðsluráðs landbúnaðarins dags. 8. jan. sl. og í ljós kom að hann hafði lagt meira inn en hægt var að greiða fullt verð fyrir samkvæmt samningi milli landbúnaðarráðuneytisins og Stéttar-sambands bænda, þá leitaði hann til verslunarinnar, sláturleyfishafans og vildi fá kjötið afhent. Forstjóri verslunarinnar synjaði afhendingar, þar sem hann taldi sér það óheimilt, og vitnar í bréf frá Framleiðsluráði landbúnaðarins dags. 20. okt. 1986. Hins vegar lýsir hann því yfir að hann f.h. verslunarinnar sé reiðubúinn að afhenda kjötið en telji sig ekki mega það (réttarskj. 4).

Þar sem málið snéri þannig að öðrum aðila en þeim sem var vörsluhafi réttarandlagsins, kjötsins, var þeim aðila, landbúnaðarráðuneytinu, eða réttara sagt ríkislögmanni tilkynnt um fyrirtekt málsins fyrir fógetarétti. Málið var svo tekið fyrir þriðjudaginn 14. júlí, en var frestað um viku að ósk lögmanns landbúnaðarráðuneytisins.

Þriðjudaginn 21. júlí var málið tekið fyrir að nýju. Ítrekaði lögmaður gerðarbeiðanda kröfu um umráð yfir umdeildu kjöti og krafðist málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi á réttarskjali 18.

Lögmaður meðalgönguaðila, landbúnaðarráðuneytisins, sem hér eftir verður nefndur gerðarþoli, þar sem réttargerðin beinist gegn því, gerir þær kröfur að synjað verði um framgang gerðarinnar og auk þess krefst hann málskostnaðar að mati réttarins.

Þótt ekki sé gerð krafa um sýknu vegna aðildarskorts gerðarbeiðanda

er í greinargerð látið að því liggja að gerðarbeiðandi hafi ekki samþykki meðeigenda sinna að félagsbúinu að Skarfshóli til málshöfðunar, né heldur hafi landbúnaðarráðuneytið heimilað félagsbú á Skarfshóli. Það er rétt að gerðarbeiðandi, sem er maður ólögfróður, hefði átt að koma með umboð sér til handa frá meðeigendum sínum, föður og móður, svo að öllum formsatriðum væri fullnægt. Hann hefur nú, eftir að hafa fengið lögfræðing í málið, bætt úr þessu með yfirlýsingu þessara aðila (á réttarskj. nr. 17).

Einn eigandi félagsbúsins á Skarfshóli, Jóhanna Björnsdóttir, fékk leyfi 9. jan. 1978 til setu í óskiptu búi eftir mann sinn; þau mæðginin, móðirin, gerðarbeiðandi og bróðir hans hafa rekið búið sem félagsbú síðan (og fjölskyldan einnig áður). Hér í sýslu hefur það tíðkast að reki fleiri en einn aðili bú er það kallað félagsbú. T.d. ráku Giljárbræður stórbú á Stóru-Giljá um áratugaskeið og voru einskonar heyforðabúr fyrir héraðið. Þeirra bú var ætíð kallað félagsbúið á Stóru-Giljá. Þótt núverandi 25. gr. 1. nr. 65/1976 (eiginlega 10. gr. liður d. laga nr. 90/1984) segi að heimild landbúnaðarráðuneytisins þurfi til stofnunar félagsbús, þá geta þau ákvæði ekki tekið til þeirra félagsbúa er fyrir voru við gildistöku laganna né heldur getur orðskýring rgj. 339/1986 staðist, þar sem sú reglugerð er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1985 og þar er engin heimild til þessarar þröngu skýringar reglugerðarinnar á orðinu „félagsbú“. Það er því engin ástæða til að vísa málinu frá vegna þessara tilgreindu ástæðna.

Þá telur lögmaður gerðarþola að andlag gerðarinnar sé tegundarákvæðið og ótilgreint og því sé ekki lagaákvæði til að beita beinni fógétagerð í þessu tilviki. Það er aldagömul regla íslensks réttar, allt frá Jónsbók og sennilega eldri, að sé hægt að skipta sameign án þess að hún rýrni, skuli það gert, annars skuli eignin (nútíma ákvæði) seld hæstbjóðanda á uppboði og andvirði skipt. Gerðarbeiðandi fer fram á ákveðið magn af ákveðnum kjötflokki sem auðvelt er að afhenda. Þessi rök gerðarþola eru því léttvæg fundin og framgangi gerðarinnar ekki neitað á þessari forsendu.

Framgangi fógétagerðarinnar verður því ekki hafnað á formgöllum gerðarbeiðnarinnar, aðildarskorti né því að andlag gerðarinnar sé þess eðlis að framkvæmd hennar sé óframkvæmanleg.

Í þessu máli er deilt um það hvort gerðarbeiðandi hafi tapað eignarrétti sínum að kjöti því sem var umfram fullvirðisrétt félagsbúsins á Skarfshóli eða ekki. Um það atriði verður ekki felldur úrskurður. Það er miklu meira mál en svo að það verði tekið fyrir í fógetarétti. Leita þarf til dómstólanna um það atriði og slík málssókn gæti tekið langan tíma. Þess vegna er edlilegt að gerðarbeiðandi leiti eftir því að fá kjötið afhent með innsetningu, þar sem geymsluþol þess er takmarkað. Þess vegna verður innsetningarbeiðni ekki vísað frá á þeirri forsendu að leita hefði mátt til hinna almennu dómstóla.

Það hefur tíðkast í sláturhúsum, a.m.k. hér um slóðir, að fjáreigendur hafa fengið fé sláttrað t.d. gamlám og tekið kjötið heim. Einnig hefur það tíðkast að innleggjendur hafi verið látnir vita um mjög lélega skrokka, t.d. af litlum lömbum, eða skemmda skrokka, t.d. með stórum marblettum, sem ekki hafa „gengið inn” og þeir tekið þá heim og nýtt sér að einhverju eða öllu leyti.

Samkvæmt skilningi landbúnaðarráðuneytisins geta framleiðendur ekki tekið út kjöt úr sláturhúsum, sem er umfram fullvirðisrétt þeirra. Þessi túlkun kemur fram í bréfi landbúnaðarráðherra til Framleiðsluráðs landbúnaðarins dags. 17. okt. 1986 (réttarskj. nr. 5) og sláturleyfishöfum tilkynnt þetta með bréfi 20. okt. (réttarskj. nr. 4).

Hér verður ekki tekin afstaða til þess hvort lög heimili þessa túlkun eða hvort hún brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, heldur aðeins bent á að hún er alltof seint fram komin til þess að láta hana gilda fyrir árið 1986. Hefðu framleiðendur vitað fyrirfram að allt kjöt umfram fullvirðisrétt væri nánast verðlaust hefðu þeir fylgst betur með innleggi sínu og þá frekar reynt að setja fleira á heldur en að afhenda það fyrir ekki neitt eða sláttrað meiru til heimilisins.

Athugun á framleiðsluráðslögunum nr. 46/1985 leiðir í ljós að bein ákvæði eru ekki um þetta atriði og í 23. gr. rgj. nr. 339/1986 er bann við því að ráðstafa fullvirðisrétti sínum til annarra aðila eða leggja inn á nafn annars sem ekki nýtir fullvirðisrétt sinn, nema með sérstöku leyfi. Ef túlkun ráðuneytis fær staðist og til þess er ekki tekin afstaða hefði því þurft að kynna hana framleiðendum mjög vel í byrjun sláturtíðar.

Af þessum ástæðum verður að fallast á það sjónarmið gerðarbeiðenda að umrætt kjötmagn, 297,6 kg í A-flokki og 33,5 kg í B-flokki, sé eign félagsbúsins á Skarfshóli og eigi það rétt á að fá það afhent úr geymslum vörsluhafa þess, Verslunar Sigurðar Pálmasonar hf.

Eftir atvikum þykir rétt að hinn raunverulegi gerðarþoli, landbúnaðarráðuneytið, greiði gerðarbeiðanda kr. 30.000,00 í málskostnað.

Á l y k t u n a r o r ð:

Gerðarbeiðandi, Jón Ívar Jónsson bóndi, Skarfshóli f.h. félagsbúsins á Skarfshóli á að fá afhent úr frystigeymslum Verslunar Sigurðar Pálmasonar hf. Hvammstanga 297,6 kg af dillakjöti í A-flokki og 33,5 kg í B-flokki, hvorutveggja framleitt haustið 1986.

Gerðarþoli, landbúnaðarráðuneytið, greiði gerðarbeiðanda kr. 30.000,00 í málskostnað.

Úrskurðurinn var lesinn í heyranda hljóði í fógetaréttinum og undirritaður.